

um, lögmannstolli og lögþingisskrifaralaunum, sem borgast áttu 31. júlím. árið á undan; að þegar hinn síðasti frestur, er reikningarnir eigi að vera komnir til amtmanns, eptir því, sem áður er sagt, sè látinn vera 31. dag maímánaðar, þá hafi sýslumenn 10 mánaða frest frá hinum síðasta gjalddaga, sem ofangreindum tekjum er ákveðinn, þangaðtil reikningar yfir þær eiga að vera komnir til amtmanns með skilríkjum fyrir, að þær hafi verið borgaðar í tækan tíma inn í ríkissjóðinn á lögskipaðan hátt; og að það þarðauki sè vitaskuld, að ef kvittun landfógetans fyrir því, sem síðast er borgað, ekki geti fengizt áður en senda á reikninginn, beri að tilfæra þá upphæð í gjaldaðálkinum í reikningnum, og skýra um leið frá, hvenær peningarnir hafi verið sendir, og að kvittun landfógetans skuli verða send á eptir undir eins og hún sè fengin; en hið síðasta af tekjunum beri ávallt að senda með fyrstu póstferð, sem fellur eptir 31. marzmán., og geti það ekki verið annað en það lítilræði, sem sýslumanni hefir verið borgað síðan næsta póstferð fèll fyrir 31. marzmán.

Þetta kunngjörir stjórnarráðið yður, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar.

**66. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 1. septbrm.
vesturumdæminu, um framfærsluhrepp Jóhannesar
og Stefáns, Stefánssona.**

Með bréfi dagsettu 4. marzm. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, sent hingað bréf nokkurt með fylgiskjölum; í því fer hreppstjórinn á Fellströnd í Dala sýslu, H. Jónsson, fram á, að gjörð verði breyting á úrskurði þeim, er þér 2. dag aprílm. f. á. kváðuð upp um, að Jóhannes og Stefán Stefánssynir, synir Kristbjargar Níelsdóttur, ættu að vera sveitlægir í Borgar hrepp

eiga að standa skil á, t. a. m. í reikningi fyrir árið frá 1. apríl 1863 til 31. marzm. 1864, og senda þann reikning til amtmanns fyrir 31. maím. 1864, er sú tíund, sem sett er eptir framtali bænda haustið 1862, og greidd sýslumönnum á manntalsþingum 1863.

Útg.

1863.

1. septbrm.

í Mýra sýslu, en þó svo, að Fellstrandar hreppur skyldi borga greindum hrepp helming þess fjár, sem lagt væri þeim til uppeldis og foreldrar þeirra eigi gætu af hendi látið.

Af skýrslum þeim, sem fram eru komnar í málinu, verður ráðið, að Kristbjörg Níelsdóttir var sveitlæg í fæðingarhrepp sínum, Fellstrandar hrepp, áður en hún seinna meir giptist Knúti Guðmundssyni, að Knútur maður hennar er sveitlægur í Borgar hrepp, og að þau voru gefin saman í hjónaband í bága við það, sem fyrir er skipað í tilsk. 30. aprílm. 1824, 3. gr., 10. tölul., með því óskilgetnum börnum Kristbjargar, þeim er áður er getið og hún hafði átt áður en hún giptist, hafði verið lagt af sveit þeim til uppeldis, og sá sveitarstyrkur eigi verið endurgoldinn, og eigi heldur verið fengið samþykki til hjónabandsins frá þeim hrepp, þarsem Knútur var sveitlægur, né slíks samþykkis verið leitað.

Jafnvel þó hjónaband þetta þannig hafi verið stofnað mót lögum, verður dómsmálastjórnin í líking við það, sem ákveðið er um áþekkt málefni í bréfi stjórnarráðsins frá 28. febrúarm. f. á. til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu á Íslandi, því er þér til vitnið, eigi að síður að álíta, að ekki sé heimild í lögum til að skylda þá sveit, þar sem konan áður átti framfærslurétt, til að borga að hennar leyti tillag til mannsins framfærslusveitar, sem við hjónabandið einnig er orðin framfærsluhreppur konunnar og barna hennar; þess vegna getur einungis orðið umtalsmál að láta hinn síðarnefnda hreppinn leita skaðabóta hjá þeim, er þann hlut eiga að máli, að þeim verður um það kennt, að hjónabandið var stofnað móti lögum.

Þetta er yður hérmeð kunngjört til eptirbreytni, og til þess að þér gjörðið þær ráðstafanir, sem þörf er á. 4 fylgiskjöl eru með bréfi þessu.

2. septbrm. 67. Bréf dómsmálastjórnarinnar til H. Krabbe, doctor medicinæ, um styrk til að ferðast á Íslandi til að rannsaka sullaveikina.

Eptir því, sem þér hafið um beðið í bréfi til dómsmála-